

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Mál nr. S-9/2026

Sent á: <https://island.is/samradsgatt/mal/4156>

Reykjavík, 02.03. 2026

Efni: Saman gegn sóun - drög að stefnu og aðgerðaáætlun

Landvernd hefur kynnt sér drög að nýrri stefnu um úrgangsförvarnir, Saman gegn sóun, ásamt drögum að aðgerðaáætlun. Landvernd fagnar viðamikilli og fjölbreyttri stefnu og aðgerðaáætlun sem nær til margra þátta. Landvernd þakkar einnig viðtækt samráð m.a. með opnum fundum víða um landið. Landvernd lýsir ánægju með heildina og kemur hér með nokkrar athugasemdir og tillögur, sem geta gert góða stefnu enn betri.

Almenn stefna um úrgangsförvarnir 2026-2037 og aðgerðaáætlun 2026-2028

Landvernd fagnar þeirri áherslunni á að fyrirbyggja að úrgangur verði til með aukinni hringrás, minni neyslu og minni sóun.

Á bls. 7 í stefnunni er sett fram framtíðarsýnin: „Á Íslandi er öflugt hringrásarhagkerfi þar sem verulega hefur dregið úr magni úrgangs, endurvinnsla hefur aukist og úrgangur er ekki lengur urðaður. Með því hefur sóun minnkað og nýting náttúruauðlinda orðið sjálfbærari, auk þess að styðja við árangur í loftslagsmálum.“ Hér mætti bæta við minni neyslu sem hefur einmitt oftast verið nefnd hjá þátttakendum á vinnustofunum og er öflugasta úrgangsförvörnin.

Varðandi áherslur á efnisflokka (bls.8 í stefnunni) skilur Landvernd nauðsyn þess að forgangsraða en óskar eftir því að ferðaþjónustu og stóriðju verði bætt við, því þeir flokkar hafa mikil áhrif á úrgangsmálin hérlandis.

Landvernd lýsir ánægju með meginmarkmið á bls. 10 í stefnunni. Hins vegar mætti setja skýrari markmið fyrir hvert meginmarkmið og fyrir árangurvísar á bls. 11-19.

Aðgerðaráætlun inniheldur fullt af góðum og mikilvægum aðgerðum. Þó mælir Landvernd með því hver aðgerð verði sett upp skýrt hvað varðar tíma, áætlun og eftirlit.

Aðgerðaáætlun miðar bara við fyrstu þrjú árin. Það er skiljanlegt en gott væri að hugsa lengra um áframhaldandi markmið og aðgerðir. Sem dæmi fela sumar aðgerðir aðeins í sér athuganir og þar þyrfti að bæta við áætlunum um tímasettar aðgerðir.

Fræðsla og breyting á samfélagsmenningu

Í stefnunni á bls. 7 er nefnt að við þurfum að endurmeta hvað felst í lífsgæðum, sem er mjög gott. Mikilvægt er að slík vitundarvakning og umræða um þetta verði hluti af fræðsluáttakinu.

Landvernd fagnar áherslum á nægjusemi og að bent er á hana á mörgum stöðum í bæði stefnunni og aðgerðaáætlun. Síðan nóvember í 2022 hafa Landvernd og Grænáninn staðið fyrir árlegu hvatningarátaki sem nefnist „[Nægjusemi nóvember](#)“ og hefur fengið góðar

undirtektir. Það mætti benda á þetta átak í þessari stefnu og aðgerðaáætlun og taka það inn sem hluta af aðgerðum á fræðsluviði og styrkja það.

Eins vantar að nefna [Grænfánaverkefnið](#) í stefnu og aðgerðaáætlun ekki síst undir meginmarkmið 2: *Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu* og meginmarkmið 3: *Að auka þekkingu á úrgangsförvörnum og hringrásarhagkerfinu*. Grænfánaverkefnið er öflug leið til innleiðingar á menntun til sjálfbærni í skólum og um 180 skólar á öllum skólastigum um land allt taka þátt í verkefnum. Ásamt mörgum öðrum þemum er neysla og hringrásarhagkerfið eitt af því sem grænfánaskólar taka fyrir í heilstæðri skólanálgun með áherslur á virkri þátttöku nemenda og valdeflingu þeirra. Töluvert af námsefni og verkefnum eru til hjá Grænánanum og skólunum auk reynslu og þekkingu kennara unnið hafa í Grænfánaverkefni sinna skóla. Flestir Grænfánaskólar vinna á fjölbreyttan hátt að því að minnka matarsóun og auka fræðslu um hana. Verkefnið ætti því að eiga sæti í aðgerðum tengdum vitundarvakningu og fræðslu alveg eins og það á nú þegar sæti í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Menntateymi Landverndar er til í þessa samvinnu.

Annað

Landvernd er ánægð með áherslur á byggingariðnarinn og á þýðingarmikil hráefni enda þarf að bæta þessa þekkingu og meðvitund.

Einnig vill Landvernd hrósa því að í Grænbók er fjallað um neysludrifna losun og rannsókn Jukka Heinonen, prófessors við HÍ. Mjög mikilvægt er að vekja athygli allra á þessum staðreyndum sem koma þar fram, auka umræðu um þær og meðvitund.

Þá vill Landvernd benda á að tækifæri eru til áhrifa að starfa í gegn um heilbrigðiseftirlit þar sem þau eru í beinum samskiptum og eftirliti við allan rekstur og fylgja m.a. eftir kröfum um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerðir

Á bls. 17 í stefnunni er talað um að færa lausnir sem ekki falla að hinu hefðbundna línulega hagkerfi nær neytendum, gera þær aðgengilegar og aðlaðandi. Landvernd telur þetta mikilvægt.

Aðgerðirnar miða yfirleitt að hvatningu og ýmsum hvötum og Landvernd fagnar slíkum aðgerðum. Hins vegar telur Landvernd að einnig mætti skoða betur aðgerðir sem miða að reglugerðum og lögum. Eins og kemur fram í Grænbók á bls. 25 hafa Umhverfis- og orkustofnun Evrópu og fleiri bent á að skattar og ívilnanir á sviði umhverfismála hafi sínar takmarkanir.

Frakkland er fyrsta landið í heiminum sem [bannar með lögum](#) stórmörkuðum að henda eða eyðileggja óselda matvöru. Gefa verður matvæli sem eru í neysluhæfu ástandi til góðgerðasamtaka. Landvernd vildi sjá það sama í þessari stefnu og aðgerðaáætlun.

Gott er að vinna skuli fræðsluefni og leiðbeiningar og ræða við fyrirtæki um nýlegar EES-reglur um umbúðir, vishönnun (e. Ecodesign), rétt til viðgerða (e. right to repair), grænar

fullyrðingar (e. green claims) og umhverfisspor vöru (e. product environmental footprint). En óljóst er hvernig þeim reglum verði fylgt eftir.

Aðgerð 12 snýst um að búa til samráðsvettvang um áskoranir netverslunar. Það er mjög gott en nákvæmari markmið þarf sem samráðið á að vinna að. Mikilvægt er að fylgja þróun sem er í þeim málum eins og t.d. í Evrópusambandinu þar sem framkvæmdastjórn hefur nýlega hafið [formlega málsmeðferð](#) gegn Shein vegna ávanabindandi hönnunar söluforrits, skorts á gagnsæi og sölu á ólöglegum vörum.

Varðandi meginmarkmið 5: Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi þá vantar að það sé tekið á málunum á framleiðslustigi. Með lögum og reglum þarf að minnka notkun á skaðlegum efnum í framleiðsluferlinu. Eins vantar skýrari aðgerðir sem minnka umbúðanotkun vara strax á framleiðslustigi. Landvernd spyr hvort það væri ekki hægt að gera betur í að endurvinna plast, gler, ál og jafnvel fleira héraendis.

Í Grænbók kemur fram á bls. 33 að *hegðun neytenda er sterklega tengd og mótuð af því framleiðslu- og neyslukerfi sem er til staðar í samfélaginu. Þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á hegðun neytenda eru m.a. efnahagslegir þættir, framboð vara og þjónustu sem uppfylla þarfir þeirra, markaðsöfl, upplýsingar, viðhorf og samfélagsleg norm. Og á bls. 35 kemur fram að stjórnvöld geta takmarkað þau áhrif sem markaðsherferðir sem kynna línulegar vörur eða vörumerki hafa, t.d. með merkjum eða vottunum. Landvernd er þeirrar skoðunar að hægt væri að setja á aðgerð sem miðar að því að minnka stórlega framboð á auglýsingum á skaðlegum vörum og setja skýrar reglur þar um.*

Eins og mörg önnur lönd ætti Ísland líka að stefna að því að banna fyrirfram áætlaða úreldingu vara (planned obsolescence) og að það eigi heima í aðgerðaáætlun.

Hagkerfið

Í lokin vill Landvernd benda á það að allar þessar mikilvægu aðgerðir geta að einhverju leyti stangast á við innbyggðar kröfur hagkerfisins um síaukinn hagvöxt sem kallar m.a. eftir meiri orkuframleiðslu og framleiðslu á sífellt nýjum og fleiri vörum. Vaxtarstefna verður að taka tillit til margskonar vaxtar líkt og vexti í lýðheilsu, menntun og vellíðan, þannig að hagvöxturinn eyði ekki ávinningi sem hefur nást með aðgerðum sem þessum. Það er tímabært að stuðlað verði að opnu samtali um þessi mál.

Lokaorð

Í heild fagnar Landvernd þessa stefnu og aðgerðaáætlun sem góðu og nauðsynlegu skrefi í átt að meiri úrgangsforvörnum. Auk þess að koma hér á framfæri nokkrum hugmyndum og tillögum til bóta vill Landvernd áréttta að samtökin eru samherjar stjórnvalda í þessu, búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu, ekki síst á sviði menntunar til sjálfbærni í skólum landsins með Grænfánaverkefnið í farabroddi og með almennri fræðslu eins og t.d. með átakinu „Nægjusamur nóvember“. Landvernd og Grænfánaverkefnið eru reiðubúin til samstarfs og samráðs.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður